

Viðtakendur: Aðildarfélag KSÍ

b.t. formanna og framkvæmdastjóra

Reykjavík, 4. febrúar 2020.

Efni: Upplýsingar um mögulegt bann EB á gúmmíkurli á gervigrasvelli

Tillaga evrópsku efnastofnunarinnar (European Chemical Agency (ECHA) um bann við viðbættum míkroplast ögnum (svo sem gúmmíkurli), vakti mikla athygli innan knattspyrnuhreyfingarinnar í sumar. Nokkrar ónákvæmar fréttir bárust um mögulegt bann og lokun á gervigrasvöllum í Evrópu.

Tillagan, sem nú er til umsagnar áður en hún verður lögð fyrir Evrópuþingið, gengur út á að koma í veg fyrir að framleitt sé míkroplast og því bætt í vörur. Með því er t.d. ætlunin að koma böndum á að míkroplast sé notað í sápur, snyrtivörur o.fl. Það vill svo til að innfylliefnið í gervigrasvöllum, gúmmíkurlið, flokkast sem míkroplast. Ekki er verið að banna vörur sem geta með sliti myndað míkroplast (t.d. bíldekk).

Einhverjir túlkuðu þessar fréttir á þann veg að stöðva þyrfti notkun á öllum gervigrasvöllum sem innihalda gúmmíkurli, eða önnur míkroplast efni sem innfylliefni, þegar bannið tæki gildi árið 2021. ECHA brást við þessum fréttum með því að gefa út [fréttatilkynningu](#) þar sem tekið var fram að það stæði ekki til að loka þeim völlum sem nú þegar væru í notkun. Verið sé að meta áhrif ýmissa þátta á notkun gervigrasvalla, m.a. samfélagslegan ávinning af knattspyrnuvöllum og áhrif mótvægisáðgerða. Þannig er verið að kanna hvort gervigrasvellir fengju undanþágu eða einhverskonar frestun á gildistöku banns á notkun innfylliefna sem teljast til míkroplastefna. Ákvörðun um slíkt bann, ef af verður, verður ekki tekin fyrr en síðar á árinu 2020. Af þeim ástæðum hefur ekkert bann verið samþykkt og möguleiki er á að af því verði ekki.

Verði af banninu er ekki þar með sagt að gervigrasvellir heyri sögunni til. Til eru önnur innfylliefni sem teljast ekki míkroplast. Flest þeirra hafa þó ekki reynst mjög vel á köldum svæðum (vegna áhrifa frá frosti og snjó), og ekki heldur í knattspyrnuhöllum. Þó að ekki hafi tekist að búa til jafn gott innfylliefni og gúmmíkurli, þá má telja líklegt að þróun í þessum efnum verði ör á næstunni. Einnig er mögulegt að þróun á gervigrasi án innfylliefna verði hraðað. Slík grös eru vissulega til en hafa ekki enn náð að uppfylla kröfur nýju FIFA Quality staðlanna, m.a. vegna vandamála við húðbruna.

Mannvirkjanefnd KSÍ fylgist vel með þróun í ýmsum mótvægisáðgerðum sem miða að því að hindra að míkroplast frá gervigrasvöllum berist út í umhverfið. Í meðfylgjandi greinargerð sem fylgir þessu bréfi er gerð grein fyrir mögulegum mótvægisáðgerðum, og nefndin mun uppfæra þá greinargerð eftir því sem frekari upplýsingar koma fram.

**Með kveðju,
f.h. mannvirkjanefndar KSÍ,
Ingi Sigurðsson,
formaður**

Greinargerð um mótvægisáðgerðir

Mannvirkjanefnd KSÍ hefur tekið saman yfirlit yfir ýmsar áðgerðir sem unnt er að grípa til við hönnun gervigrasvalla til að hindra að míkróplastefni berist í umhverfið. Nefndin vill því benda eigendum og rekstraraðilum gervigrasvalla ásamt hönnuðum á að vera vel vakandi yfir þeirri þróun mótvægisáðgerða sem mun eiga sér stað. Eftir fremsta megni skulu mótvægisáðgerðirnar miða að því að draga úr útskolun á gúmmíkurlum úr völlum. Mælir mannvirkjanefnd KSÍ með eftirfarandi áðgerðum:

1. Minnka magn gúmmíkurla sem berst með leikmönnum af völlum.
2. Minnka magn gúmmíkurla sem berst með viðhaldstækjum af völlum.
3. Hanna fráveitukerfi þannig að það hindri að gúmmíkurl, sem hugsanlega berst í niðurföll, komist út í stofnkerfi sem fráveitukerfið tengist.
4. Koma í veg fyrir að gúmmíkurl fjúki út af vallarstæðinu.
5. Koma í veg fyrir að gúmmíkurl sé mokað af völlum við snjósköfun.

Til að þessum markmiðum sé náð er mælt með eftirfarandi áðgerðum ef hægt er:

1. Hafa aðeins einn útgang af völlum þar sem nóg er af burstum og loftþrýstistútum til að hreinsa af leikmönnum og iðkendum.



2. Áður en tækjum er ekið út af velli skal blása af þeim allt kurl og/eða sópa.



3. Koma fyrir sigtum í niðurföllum eða þróm í fráveitukerfi vallarins, sem grípa kurlið áður en það berst í viðtökukerfi. Einnig er hægt að hafa niðurföllin inn á vellinum (við útjaðra) undir gervigrasinu sjálfu. Gervigrasmottan er gegndræp og hleypir því vatninu í gegn, á meðan kurlið kemst ekki í gegn.



4. Hafa skal girðingu umhverfisvöllinn þar sem neðstu 40 cm eru heilir (s.s. steypdur veggur, úr við, áli eða álíka) þannig að kurl fjúki ekki í gegnum girðinguna.



5. Umhverfi vallarins skal allt vera annaðhvort úr gervigrasi eða malbikað/úr föstu efni en ekki úr lífrænum efnum (s.s. gras) eða lausu efni (s.s. möl). Nægt pláss skal vera umhverfis völlinn svo hægt sé að ýta snjó útaf völlum. Mikið af gúmmíkurli tapast með snjó sem rutt er af völlum. Þegar hlána fer, skal moka snjónum úr haugunum og dreifa honum yfir völlum, til að endurnota það kurl sem festist í snjónum. Ef ekki er nægt pláss fyrir utan völlum, eða ef undirlag gerir söfnun á kurlum erfitt, er æskilegast að ýta snjónum ekki alla leið út fyrir völlum, heldur að minnka breidd vallarins um 5-8 m hvoru megin meðfram hliðarlínunum, og safna snjó þar. Með því móti tapast ekki kurl út af völlum.



Árlega tapast töluvert magn af gúmmíkurli úr gervigrasvöllum. Bæta þarf upp fyrir tapið með nýju kurlum svo þeir haldi eiginleikum sínum. Fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir að það tapaðist um 2-5 tonn árlega úr völlum. Með markvissum aðgerðum hefur tekist að ná þessari tölu niður fyrir 500 kg. Á velli í Kalmar í Svíþjóð, sem var hluti af tilraunaverkefni, tókst að halda útskolun undir 50 kg á ári. Með þessu næst mikill sparnaður á fjármunum og á sama tíma og næst árangur sem er frábær fyrir umhverfið.

Í leiðbeiningum norska knattspyrnusambandsins um rekstur og viðhald gervigrasvalla er í kafla 4 fjallað um fyrirbyggjandi aðgerðir vegna umhverfismála. Þessar leiðbeiningar má nálgast á eftirfarandi tengli:

<https://docplayer.me/104809703-Drift-og-vedlikehold-av-kunstgressbanen.html>.

Við hvetjum alla til að leggja sitt af mörögum til þess að minnka umhverfisáhrif knattspyrnuvalla á Íslandi.

Mannvirkjanefnd KSI